

Þingsetning.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Magnús Már Magnússon var einróma kosinn fundarstjóri og Reinharð Reinharðsson ritari þingsins. Helgi Jóhannesson og Sif Matthíasdóttir kosin til að undirrita þinggerðina.

Kosnar fastar nefndir.

- a. Kjörbrefanefnd.  
Bjarni Kærnedsted, Halldór Svavarsson og Ólafur Helgi Hreinsson.
- b. Fjárlaganefnd.  
Indriði Jónsson, Ingólfur Snorrason og Jón Ingi Þorvaldsson.
- c. Laga- og leikreglanefnd.  
Helgi Jóhannesson, Karl Viggó Vigfússon og Reinharð Reinharðsson.
- d. Allsherjarnefnd.  
Ómar Ívarsson, Hólmfríður Þórisdóttir og Steinar Pálsson.
- e. Kjörnefnd.  
Halldór Svavarsson, Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson og Gunnlaugur Sigurðsson.

Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Ólafur Wallevik, formaður KAÍ, flutti skýrslu stjórnar. Fyrsta atriði sem hann kom inn á var um öflugt barna- og unglíngastarf hjá félagunum. Enn fjölgar á stærsta karatemóti ársins og voru nú um 380 keppendur á UM í kata. Unglingalandslið hefur verið starfandi í vetur og hafa liðsmenn þess farið utan á mót. Tveir landsliðsmenn unnu til verðlauna á erlendir grun, Sólveig Sigurðardóttir í kata og Andri Sveinsson í kumite.

Breytingar á keppnisreglum Alþjóða karatesambandsins hafa einnig sett svip sinn á mót í vetur. Einn íslendingur, Helgi Jóhannesson, fór utan og aflaði sér alþjóðlegra dómara réttinda og hefur dómgæsla og undirbúningur móta hvílt á honum. Var honum þökkúð góð og óeigingjörn störf í þágu karate á Íslandi. Sex karatemenn fóru í október til Japans og voru viðstaddir opnun Íslenska sendiráðsins í Tókíó. Voru þeir með sýningu sem tókst í alla staði vel.

Landsliðsmál fullorðins landsliðsins hafa verið í ólestri þar sem enginn landsliðsþjálfari hefur verið en stefnt er að því að ráða Alan Busk, frá Danmörku, til að taka við landsliðinu nú á vormánuðum.

Ávarp formannsins er birt í heild sinni í ársskýrslu stjórnar.

Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Indriði Jónsson gjaldkeri KAÍ lagði fram endurskoðað reikninga sambandsins til samþykktar. Í fyrsta sinn voru þeir miðaðir við almanaksárið, þ.e. frá síðasta þingi, 22. mars 2001, til 31. desember 2001. Því er ekki hægt að notast við niðurstöðutölur reikningann til viðmiðunar fyrir næsta ár. Reikningarnir eru birtir í heild í ársskýrslu stjórnar.

Reikningarnir voru samþykktir einróma.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Samþykkt var að vísa gerð fjárhagsáætlunar til fjárlaganefndar.

Tillögur um breytingar á lögum og leikreglum.

Lögð var fram tillaga að breytingum á Reglum um Íslandsmót.

Reinhardð Reinharðsson kynnti tillöguna.  
Samþykkt að vísa henni til laga- og leikreglnanefndar.

Lögð var fram tillaga um breytingar á bikarmótum.  
Ingólfur Snorrason mælti fyrir henni.  
Samþykkt að vísa henni til laga- og leikreglnanefndar.

#### Aðrar tillögur og önnur mál.

Lögð fram áskorun til stjórnar að standa að árlegum dómaramámskeiðum sem ljúki með prófi.  
Reinhardð Reinharðsson kynnti tillöguna.  
Samþykkt að vísa henni til allsherjarnefndar.

Lögð fram tillaga um að stjórn KAÍ skipi Mótanefnd og hún sjái um að skipuleggja mót á vegum KAÍ.  
Jón Ingi Þorvaldsson mælti fyrir tillögunni.  
Samþykkt að vísa henni til allsherjarnefndar.

#### Málum og tillögum vísað til nefnda.

Fundarstjóri vísaði málum til nefnda. Nefndir fjalla um tillögurnar í þinghléi.

ÞINGHLÉ

#### Nefndarálit.

##### *Kjörbréfanefnd.*

Bjarni Kærnested, formaður kjörbréfanefndar, lýsti alla fulltrúa á Karateþingi lögmæta.

##### *Fjárhagsnefnd.*

Indriði Jónsson, formaður fjárlaganefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

## **Fjárhagsáætlun 2002**

<b>Tekjur</b>	næsta starfsár	rauntölur 2002
Aðildarfélög	240.000	199.400
Lottóstyrkur	700.000	695.781,00
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	600.000	587.276,00
Mótahald	350.000	337.800,00
Landsliðsþjálfarastyrkur	400.000	
	<b>2.290.000</b>	<b>1.820.257,00</b>
<b>Gjöld</b>		
Mótahald	270.000	274.652
Landsliðsþjálfari	800.000	
Landslið	650.000	
<i>Kynningarmál</i>	<i>100.000</i>	
<i>Námskeið</i>	<i>200.000</i>	
<i>Rekstur skrifstofu</i>	<i>120.000</i>	
Annað	150.000	
	<b>2.290.000</b>	

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

*Allsherjarnefnd.*

Ómar Ívarsson, formaður allsherjarnefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar um skipun Mótanefndar. Eftir nokkrar umræður lagði mótanefndin fram endanlega tillögu: “Kosið verði í Mótanefnd KAÍ á ársþingi KAÍ. Kosnir skulu 3 menn í stjórn og 2 til vara. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og sjá um Bikar- og Íslandsmót. Hún getur fengið ákveðin félög til að sjá um ákveðin mót, en ber áfram ábyrgð á framkvæmd þeirra. Dagsetningar móta liggi fyrir 1. maí ár hvert. Bikarmót með einnar viku skekkjumörkum og endanleg dagsetning tveimur mánuðum fyrir mót. Dagsetning Íslandsmóta liggi fyrir í ákveðnum mánuðum og endanleg dagsetning mánuði fyrir mót.”

Var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

*Laga- og leikreglunefnd.*

Helgi Jóhannesson og Reinharð Reinharðsson kynntu nokkuð breytta tillögu nefndarinnar um Reglur um Íslandsmeistaramót.

<b>“REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.</b>	
<b>Almennar reglur.</b>	
1. gr.	Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglunga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr.	Unglingameistaramót í Kumite skal halda í október og Íslandsmeistaramót í Kumite skal haldið í nóvember, ár hvert. Meistaramót barna í Kata skal haldið í janúar, Unglingameistaramót í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót í Kata skal haldið í mars, ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur Mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr.	Tilkynna skal dagsetningu móta og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögunum 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr.	Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr.	Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skal þó aldrei vera færri en þrjú í einstaklingsgreinum. Mótanefnd skal skipa aðaldómara á hverju móti.
<b>Starfsfólk.</b>	
6. gr.	Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 dómara, en 4 dómara í kumite. Á mótunum skal vera lækni til staðar. Hvert

Þátttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara. Starfmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á barna- og unglíngameistaramótum skal hvert félag tilnefna liðsstjóra, sem aðstoðar starfsfólk mótisins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk eða halda liðstjóra. Keppendur á barna- og unglíngameistaramótum skulu vera komnir á mótisstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótisstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki.

### Keppnin.

7. gr. Í upphafi mótis kallar aðaldómari saman aðra dómara og skipar þá í stöður, samræmir dómgæslu og gefur kost á að koma með spurningar.

8. gr. Á Íslandsmeistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -57 kg.
2. Kumite kvenna + 57 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -65 kg.
5. Kumite karla, -73 kg.
6. Kumite karla, -80 kg.
7. Kumite karla, +80 kg
8. Kumite karla, opinn flokkur.
9. Liðakeppni karla (5+2 manna sveitir).
10. Liðakeppni kvenna (3+1 kvenna sveitir).

Á Unglíngameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 13 og 14 ára.
2. Kumite pílta 15 og 16 ára.
3. Kumite eldri pílta 17 og 18 ára.
4. Kumite juniora 19 og 20 ára.
5. Kumite telpna 13 og 14 ára.
6. Kumite stúlkna 15 og 16 ára.

7. Kumite kvenna 17 til 20 ára.

Þeir sem ekki eru orðnir 13 ára eða eru orðnir 21 árs á mótsdegi geta ekki keppt.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 6 ára og yngri.
2. Kata barna 7 ára.
3. Kata barna 8 ára.
4. Kata barna 9 ára.
5. Kata barna 10 ára.
6. Kata krakka 11 ára.
7. Kata krakka 12 ára.
8. Hópkata barna 8 ára og yngri.
9. Hópkata krakka 9 og 10 ára.
10. Hópkata krakka 11 og 12 ára.

Þeir sem eru orðnir 13 ára á mótsdegi geta ekki keppt.

Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata tánínga 13 ára.
2. Kata tánínga 14 ára.
3. Kata unglínga 15 og 16 ára.
4. Kata eldri unglínga 17 og 18 ára
5. Kata juniora 19 og 20 ára.
6. Hópkata tánínga 13 og 14 ára.
7. Hópkata tánínga 15 til 17 ára.
8. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Þeir sem ekki eru orðnir 13 ára eða eru orðnir 21 árs á mótsdegi geta ekki keppt.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Skipta má upp flokkum ef keppendur verða of margir. Þar skulu keppendur bera a.m.k. 9. kyu. Í kata skulu drengir og stúlkur keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem meirihluti sveitar skyldi keppa í.

9. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. sept. til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í fjórum flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, tveimur kvennaflokkum eftir þyngd, -57 kg og +57 kg og tveimur karlaflokkum eftir þyngd, -74 kg og +74 kg og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar. Eftir hvern hluta skal gefa 5 stig fyrir fyrsta sæti, 3 fyrir annað og 2 stig fyrir þriðja sætið og 1 stig fyrir fjórða sætið. Ef einungis einn keppandi mætir í

	<p>tilteknum flokki skal hann fá 5 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í Kata og Kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið, skal stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.</p>
10. gr.	<p>Meistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar, sem viðkomandi félag hlýtur til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum í röð eða átta sinnum alls. Á barna- og unglíngamótum skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.</p>
11. gr.	<p>Á fullorðinsmótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka þá kata aftur í seinni umferðum. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Á barna- og unglíngameistaramóti eru gefin stig. Dómarar í úrslitum skulu ávalt vera þrír og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en einn keppandi eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.</p>
12. gr.	<p>Á kumitemótunum skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír, skulu þó allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem síðast töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.</p>
13. gr.	<p>Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi 3 dögum fyrir mótið.</p>
<p><b>Kærur, fundir, úrslit &amp; skýrslur.</b></p>	
14. gr.	<p>Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.</p>
15. gr.	<p>Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kærnanlegar samkvæmt lögum ÍSÍ.</p>
16. gr.	<p>Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn, skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektor geta verið allt að fimmföld upphæð þátttökugjalds fyrir hvern mann. Mótanefnd er heimilt að</p>

	meina þeim félögum að taka þátt á móti, er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist, sama er að segja um næsta eða næstu mót, ef sektin er eigi greidd áður.
17. gr.	Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan viku frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.
18. gr.	Mótmæli varðandi einstaka viðureignir skal liðsstjóri viðkomandi liðs eða einstaklings koma á framfæri strax við aðstoðardómara. Hann skal þá stöðva leikinn og skulu dómarar strax halda fund og úrskurða í málinu. Eftir að viðureign lýkur og dómari hefur tilkynnt úrslit er eigi unnt að kom fram mótmælum varðandi stigagjöf. Kærum varðandi dómgæslu í Katakeppni, skal komið á framfæri við aðaldómara um leið og hlé er gert á keppni og eigi síðar en áður en úrslit eru tilkynnt eða keppendum veitt verðlaun.
19. gr.	Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti, þetta á einnig við um liðakeppni, nema sveitakeppni karla í kumite þar sem stigin skulu vera þreföld fyrir hvert sæti og í sveitakeppni kvenna þar sem stigin skulu vera tvöföld fyrir hvert sæti.
20. gr.	Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.
21. gr.	Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund innan sjö daga eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.
<b>Félagaskipti.</b>	
22. gr.	Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði t.d. eru ekki skrifleg eða undirritun félagsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili.
<b>Réttindi karatedómara.</b>	
23. gr.	Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Nefndin skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Nefndin heldur dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-dómarar verða að hafa Dan-gráðu en B-dómarar verða að vera 3. kyu hið minnsta. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót, þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi. “

Leitað var afbrigða við fundarsköp og kosið um hverja grein fyrir sig eftir að breytingar á henni höfðu verið kynntar.

Reglugerðin var samþykkt samhljóða og mun taka gildi eftir að núverandi keppnistímabili líkur.

Lögð var fram breytingatillaga við “Reglur um Íslandsmeistaramót í karate”.

“Að bikarmótum verði skipt upp í tvo hluta, Kata og Kumite, þ.e. Keppendur safna stigum til bikarmeistara í Kata. Keppendru safni stigum til bikarmeistara í Kumite. Þá verði til bikarmeistari í Kata og bikarmeistari í Kumite, í þyngdarflokkum.”

Nefndin mælti með því að breytingatillögunni yrði hafnað af þingheimi þar sem enn væri lítil reynsla af ríkjandi reglum og markmiðið með Bikarmótaröð KAÍ væri að finna besta alhliða keppandann bæði í Kata og Kumite en keppendur sem vildu sérhæfa sig gætu keppt á Íslandsmeistaramótum. Nokkrar umræður urðu um tillöguna.

Greidd voru atkvæði um tillöguna og var hún felld með 13 atkvæðum gegn 10 atkvæðum.

Lögð var fram “áskorun til stjórnar um dómaranámskeið”, í óbreyttri mynd.

“Skorað er á stjórn KAÍ að halda dómaranámskeið árlega, bæði skrif- og verklegt sem ljúki með prófi. Þeir sem standast prófið fái skírteini og gerður verði listi með nöfnum þeirra sem hafa dómararéttindi á landinu og hann birtur á heimasíðu KAÍ. Réttindin gildi til tveggja ára í senn.”

Tillagan var samþykkt einróma.

#### *Kjörnefnd:*

Halldór Svavarsson, formaður nefndarinnar, lagði til að núverandi stjórn yrði endurkjörin þar sem allir stjórnarmenn gæfu kost á sér til áframhaldandi starfa. Í stjórn eru:

Ólafur Wallevik, formaður  
Halldór Svavarsson, varaformaður  
Indriði Jónsson, gjaldkeri  
Reinhard Reinhardsson, ritari  
Ingólfur Snorrason, meðstjórnandi

Tveir varamenn gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Nefndin stakk upp á Hólmfríði Þórisdóttur og Jóni Inga Þorvaldssyni í þeirra stað.

Endurskoðendur verði endurkjörnir.

#### Önnur mál.

Helgi Jóhannesson kvaddi sé fyrstur hljóð:

“KAÍ-þing fimmtudaginn 18.apríl 2002

Ágætu fundarmenn,

Mig langar að segja nokkur orð um málefni sem ég hef hugsað mikið um síðustu tvö árin, en það er virðing fyrir karateþróttinni ásamt virðingu fyrir keppendum og starfsfólki. Ég vil taka það strax fram, að þetta eru mínar hugleiðingar og má ekki túlka sem skilaboð frá mínu félagi né KAÍ.

...

#### **Skipulagning móta**

Mótin hjá okkur eru sífellt að verða stærri og umfangsmeiri. Þá er ég ekki einungis að ræða um Unglingamótin heldur bæði Íslandsmótin og bikarmótin. Því miður þá virða félögin ekki alltaf þann frest



sem skipuleggendur þurfa til að fá inn þátttökutilkynningar sem og að breytingar verða of oft á þeim. Það er skiljanlegt þegar við horfum til barna og unglinga, að breytingar verði þar á, sérstaklega þegar við horfum til hópkata, því eftir allt þá eru þessi mót fyrir börnin. Yfirleitt eru mótin tilkynnt með nægjanlegum fyrirvara ásamt því, að þau eru haldin á svipuðum tíma ár frá ári. Breytingar á skráningu og tafir á skilum valda því, að skipulagning verður ekki eins auðveld ásamt því, að upplýsingar um tímamörk einstakra flokka verða ekki eins áreiðanlegar. Einnig verður villuhætta meiri fyrir vikið. Það sem mér finnst verst í þessu efni, er að of margir finnst það lítið mál að gera breytingar á skráningu án þess að huga að áhrifum þeirra á skipulagningu móta. Þetta getur valdið því, að yfirlit yfir keppnisflokka sem félögum er afhent á mótisdag er í raun gagnslaus vegna þeirra breytinga sem þarf að gera á keppendalista.

Sem dæmi um aðrar afleiðingar þessa, er að erfitt er að koma áreiðanlegum upplýsingum um dagskrá móta með góðum fyrirvara til fjölmiðla. Við erum að berjast um athygli fjölmiðla við aðrar íþróttagreinar sem eru með fastara skipulag á sinni starfsemi og það skilar árangri við að fá fjölmiðla til að mæta á þeirra atburði. Við getum bætt okkur mikið varðandi þetta atriði.

Það hefur síðustu árin gengið ágætlega að fá starfsfólk til að starfa við mótin okkar og er það ánægjuleg þróun. Það sem við megum hins vegar bæta okkur í, er að skýra betur fyrir starfsfólki, hvernig mótin ganga fyrir sig ásamt því að útskýra fyrir almennum félagsmönnum, hvernig fylla eigi út einstök keppnisblöð. Þetta getur komið í veg fyrir hugsanleg mistök og auðveldað félagsmönnum og keppendum að skilja hvernig mótin ganga fyrir sig. Upplýsingar um framgang móta og keppnisreglur er að finna á heimasíðu KAÍ þar sem íslensk þýðing af reglum WKF er til staðar. Einnig má benda á að á síðasta ári tóku félagsmenn Þórshamars upp á að setja á heimasíðu félagsins upplýsingar um allar viðureignir í einstökum mótum, svo það má nota þær upplýsingar til að útskýringar á framgangi móta.

Svo er annar punktur sem ég vil minnst á, en það er framkoma forráðamanna félaga og keppenda í garð starfsfólks. Of oft er starfsfólki ekki leyft að vinna sína vinnu, þegar einstakir keppnismenn og forráðamenn félaga koma á ritaraborðin til að fá upplýsingar um gang mála, þrátt fyrir að allar upplýsingum um einstaka keppnisflokka hafi verið afhent í upphafi. Að mínum mati er ekki borin mikil virðing fyrir þeirri vinnu sem starfsfólk sinnir og því miður sýna keppnisfólk og forráðamenn ekki skilning þegar óskað er eftir starfsfrið. Sem dæmi um truflun er þegar keppendur eða félagar þeirra sem eru að keppa, koma á ritaraborði til að fá upplýsingar um hve mikið er eftir af keppnistíma, þegar leitað er eftir upplýsingum um hverja þeir eiga að mæta næst og svo framvegis. Slík truflun hefur leitt til þess að starfsfólk á ritaraborði hefur misst af því sem gerist á keppnisvellingum, sem á að vera þeirra hlutverk, því oft á þessi truflun sér stað þegar aðrar viðureignir eru í gangi. Óski keppendur eftir því að fá upplýsingar, eiga þeir að láta þjálfara sína leita eftir þeim hjá mótanefnd. Við verðum að hafa það í huga, að framlag starfsfólks er í sjálfböðavinnu.

Við höfum reglur sem taka á þeim atriðum, þegar keppendur og forráðamenn félaga hafa athugasemdir fram að færa vegna framgangs móta. Þær er að finna í reglum um Íslandsmeistaramót í karate og í reglum WKF. Þær er réttur vettvangur til að láta í ljós athugasemdir ef einhverjar eru.

### **Dómgæsla**

Síðasta árið hefur verið nokkuð annasamt fyrir okkur hvað dómgæslu varðar. Við tókum upp nýju keppnisreglur WKF og það tekur tíma að aðlagast þeim. Það er ekki alltaf auðvelt verk sem dómárátt standa frammi fyrir og mjög oft eru þetta sömu einstaklingarnir sem bera uppi dómgæslu, þurfa jafnvel að standa klukkutímum saman við dómgæslu svo mótin gangi vel fyrir sig. Það er umhugsunarvert að sum félög skuli ekki senda fleiri aðila til að sinna dómgæslu, því við verðum að geta sýnt meiri breidd til að forðast orðalag eins og hlutdrægni sem því miður hafa verið höfð yfir suma dómara. Þessi störf eru sjálfböðavinna og eru menn að eyða tíma sínum frá fjölskyldu til að vera við dómgæslu. Því miður þá verður að segjast, að framkoma nokkra keppenda og forráðamanna félaga í garð dómara er ekki til fyrirmyndar.

Það er eins og að sumir aðilar hreinlega skilji ekki eftir hvaða reglum er farið við dómgæslu en engu síður eru með hróp og köll í garð dómara og annarra keppenda. Að gefa það til kynna með beinu orðalagi, að dómárátt dragi taum af ákveðnum keppendum er ekki til fyrirmyndar og ekki mikil virðing sem dómurum og keppendum er sýnt með slíku framferði. Það gleymist því miður oft, að dómárátt eru oftast í betri

aðstöðu til að sjá það sem fer fram á vellið heldur en keppendur og áhorfendur, en ég kem betur inn á þetta atriði síðar.

Merkingar sem dómarmar nota hafa breyst með tilkomu nýrra reglna, bæði stigagjöf og refsistig. Því miður þá virðist sem að keppendur átti sig hreinlega ekki á þeim merkingum sem dómarmar nota og geti af þeim sökum ekki beitt sér sem skyldi í keppni. Sérstaklega á þetta við um refsistig og þá flokk II þar sem safnað er saman mörgum ólíkum óleyfilegum athöfnum. Oft verður maður vitni af því, að einstakir keppendur víti hreinlega ekki hvað sé að gerast á vellið og lendi þess vegna í miklum vandræðum. Þetta er atriði sem við verðum að laga, með því að fara vel yfir reglur með keppendum sérstaklega rétt fyrir mót. Markmið okkar hljóta að vera, að allir keppendur standi jafnfætis gagnvart skilningi á keppnisreglum og víti hvenær þeir þurfi að haga sinni keppni öðruvísi þegar þeir eru komnir í vandræði með refsistig, s.s. eftir að hafa stigið út af velli eða verið með tog í keppnisgalla. Þetta á sérstaklega við okkar yngri keppnismenn sem verða of oft ráðvilltir gagnvart reglunum.

Ég vil því beina þeim tilmælum við forráðamenn félaga, að þeir fari betur yfir keppnisreglur með sínum keppendum. Ef ekki eru til menn í viðkomandi félagi sem þekkir reglurnar, þá er lítið mál að fá til þess hæfa einstaklinga sem KAÍ myndi þá útvega.

Einnig er vert að ræða örlítið um umgengni og aðkomu að keppnissvæði. Því miður þá eru oft keppendur og jafnvel áhorfendur alveg ofan í keppnissvæðinu jafnvel með hróp og köll. Þetta gerir störf dómarmar erfiðara. Við höfum ekki tekið upp þær starfsreglur sem viðhafast á mótum erlendis, þar sem þjálfara keppenda er úthlutað sæti á keppnissvæði, þar sem hann skal vera á meðan keppni stendur yfir. Aðrir keppendur og áhorfendur skulu vera á þar til skilgreindu svæði en ekki við hliðina á keppnisvelli. Þetta er atriði sem við þyrftum að huga betur að við skipulagningu móta.

### **Stigagjöf**

Ein af þeim stóru breytingum sem urðu hjá okkur þegar nýju reglur WKF voru teknar upp, er hvernig stig verða til í kumite. Stærsta breytingin er sú, að öll stig þurfa að uppfylla sex skilyrði eins og þau eru skilgreind í keppnisreglum, en þau eru; Gott form, Íþróttaleg afstaða, Þróttmikil beiting, Einbeintni (ZANSHIN), Rétt tímasetning og Rétt fjarlægð.

Sem dæmi um þetta, þá er ekki nægjanlegt að högg eða spörk lendi í andstæðin til þess að keppandi fái stig, þó svo að sá sem höggið fær hafi ekki beitt vörn fyrir sig. Því miður þá er eins og keppendur hafi ekki þann skilning sem til þarf á reglunum, svo þeir átti sig á hvenær tækni sá hæf til að afla stiga og hvenær það vantar eitthvað upp á að tæknin fái stig. Þetta veldur því oft að keppendur halda áfram að framkvæma tæknir sem vissulega lenda í líkama andstæðingsins en eru undir engum hringumstæðum hæfar til að afla stiga. Þetta á bæði við um högg og spörk, hvort sem það er í líkama eða í átt að andliti. Þetta er hlutur sem við getum bætt okkur í með betri fræðslu og ættu þjálfarar félaga að huga betur að þessu.

### **Keppendur**

Karate byggist upp á virðingu og aga. Okkur er kennt frá byrjun að sýna íþróttinni virðingu, sýna leiðbeinendum og kennurum virðingu en síðast og ekki síst að sýna öðrum karateiðkendum virðingu hvort sem þeir koma fram sem andstæðingar okkar eða þá æfingarfélagar. Framkoma í garð keppenda hefur því miður ekki alltaf verið til fyrirmyndar, hvorki á unglíngamótum og né á fullorðinsmótum. Hvort slík framkoma sé meðvitund eða ómeðvitund vil ég ekki leggja dóm á. Of oft er notað leiðinlegt orðbragð þegar keppni í kumite á sér stað og þá oft til þess að gera lítið úr andstæðingum. Orðbragð eins og “hann er hræddur við þig”, “hann getur ekkert”, “þetta eru aumingar” hefur því miður heyrst oft en einu sinni og oft en tvisvar. Einnig hefur maður heyrt forráðamenn hvetja yngri keppnismenn til að kýla eða slá fastar í þeirri von að það verði til þess að þeir fái stig, án þess að átta sig á að það hefur því miður oft neikvæð áhrif s.s. í formi refsistiga fyrir of mikla snertingu.

Hér virðist sem grunnur að okkar íþrótt hafi einfaldlega gleymst, en það er virðing. Þessi framkoma setur slæman blett á mótin okkar og hef ég heyrt keppendur kvarta undan þessari framkomu, hvort sem hún kemur frá öðrum keppendum eða þá forráðamanna félaga. Ég myndi ekki vilja sem foreldri þurfa að hlusta á að andstæðingar barns míns væru kvattir til að slá það fastar eða það sé kallað aumingi í miðri keppni.

Annað atriði sem ég vil koma inn á, er virðingarleysi við keppendur í kata. Því miður þá virðist eins og að sumir telji kata ekki eins mikilvægt keppnisform eins og kumite. Þetta kemur fram í formi hávaða og skarkala í hringum keppnisvæðin. Ég hef sérstaklega tekið eftir þessu á bikarmótunum, því þar er keppt í báðum þessum greinum á sama mótinu. Þetta er hlutur sem við getum tekið okkur í.

### Lokaorð

Að síðustu vil ég taka það fram að ég undanskil ekki sjálfa mig frá ábyrgð á þeim atriðum sem ég hef komið inná. Þar sem ég hef að undanförmu komið fram sem yfirdómari á mótum og er núna formaður dómaraáráðs KAÍ, þá tel ég ábyrgð mína talsverða á þeim athugasemdum sem ég hef komið inn á. Ég hef því ákveðið að láta af sem formaður dómaraáráðs ásamt að segja mig úr dómaraáráðinu og hef ég tilkynnt formanni KAÍ þá ákvörðun mína. Á undanförmum árum hef ég oft eytt miklum tíma í að starfa við skipulagningu móta. Margir hafa komið að orði við mig að þau verk hafi verið vel unnin, en því miður þá hafa einnig mörg orð fallið á keppnisstöðum varðandi skipulagningu sem hafa þau áhrif að ég tel nú að aðrir séu betur hæfir til að sinna þessum störfum. Ég mun því láta af því hlutverki að skipuleggja mót til að hleypa hæfari mönnum að.

Ég vil biðja menn að hugleiða þessi atriði sama í hvaða félagi þeir eru, því ef við viljum vaxa sem íþróttá þá þarf að koma fram hugarfarsbreyting.

Ég þakka gott hljóð.”

Indriði Jónsson kvaddi sé næstur hljóðs um Íþróttahátíð í Mosfellsbæ dagana 4.-5. maí næstkomandi. Hann var búin að veri í sambandi við skipuleggjendur hátíðarinnar og hafði fengið úthlutað tíma fyrir karatesýningu og bás fyrir karatefélögin þar sem þau geta haft upplýsingar um félögin frami. Einnig mæltist hann til þess að þau félög sem hefðu áhuga á að notfæra sér aðstöðuna hefðu samband við sig sem fyrst svo hægt væri að skipuleggja tímann og aðstöðuna. Þetta er gott tækifæri til að kynna karate á Íslandi í heild sinni.

Karl Viggó Vigfússon kom með nokkrar hugmyndir fyrir stjórn KAÍ og félögin í landinu. Er þar fyrst að nefna Framtíðarsýn á karate á Íslandi næstu fimm árin. Lagði hann til að félögin og stjórn KAÍ setti fram hugmyndir að því hvernig þau sæu uppbyggingu og útbreiðslu fyrir sér næstu árin. Einnig lagði hann til að þegar ráðinn yrði landsliðsþjálfari þá yrði einnig lögð áhersla á þjálfun í kata. Lagði hann til að æfingar landsliðsins yrðu skipulagðar með meiri fyrirvara en gert hefur verið í vetur með unglíngalandsliðsæfingar. Þá lagði hann til að farið yrði eftir 18. gr. Reglugerðar um Íslandsmót í karate þar sem segir að stöðva beri viðureign er kæra komi fram um framkvæmd hennar en henni hefur ekki verið beitt.

Þjarni Örn Kærnested ítrekaði við þingheim að bera skuli virðingu fyrir andstæðinginum og enginn vilji sigra af því að andstæðingurinn er miður sín, en nokkuð hefur borið á því á mótum að aðrir keppendur eða áhorfendur hafa verið með niðrandi framíköll og athugasemdir.

Nokkrar umræður urðu um framkvæmd móta og um háttalag starfsmanna, liðsstjóra, þjálfara, keppenda og áhorfenda og voru allir sammála um að taka bæri strax á þessu vandamáli. Jón Ingi Þorvaldsson lagði til að aganefnd KAÍ úrskurðaði í öllum svona málum sem upp koma á mótum á vegum KAÍ. Ólafur Hreinsson lýsti yfir eftirsjá með brotthvarfi Helga Jóhannessonar og bað hann um að endurskoða ákvörðun sína.

Helgi Jóhannesson ítrekaði að lokum að hann væri hættur afskiptum að skipulagi móta og segði sig úr dómara nefnd KAÍ.

### Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði. Stjórnin var endurkjörin einróma með lófataki. Í stjórn KAÍ eru því:

Ólafur Wallevík, formaður  
Halldór Svavarsson, varaformaður  
Indriði Jónsson, gjaldkeri

Reinharð Reinharðsson, ritari  
Ingólfur Snorrason, meðstjórnandi

Tillaga kjörnefndar um varamenn í stjórn var samþykkt einróma með lófataki.  
Í varastjórn eru því:

Bryndís Valbjarnardóttir  
Hólmfríður Þórisdóttir  
Jón Ingi Þorvaldsson

Tillag kjörnefndar um að endurskoðendur var samþykkt einróma með lófataki.  
Endurskoðendur reikninga KAÍ eru því:

Helgi Jóhannesson  
Jón Ingi Þorvaldsson

#### Kjör 5 manna í aganefnd og 3 til vara.

Tillaga kjörnefndar var aganefnd yrði óbreytt. Aganefnd var endurkjörin einróma.  
Í henni eru áfram:

Vincente Carrasco  
Ólafur Hreinsson  
Ásmundur Ísak Jónsson  
Lárus Welding  
Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson

#### Val fulltrúa á Íþróttabing.

KAÍ á rétt á að send 5 fulltrúa á Íþróttabing ÍSÍ sem haldið verðu dagana 27. og 28. apríl næstkomandi í Ásgörðum, Hafnarfirði.  
Indriði Jónsson, Reinharð Reinharðsson og Ingólfur Snorrason, stjórnarmenn KAÍ, buðust til að fara fyrir hönd KAÍ.  
Þeir voru kosnir einróma.

#### Kjör karateljósmyndar ársins.

Lagt var til að liðnum yrði vísað frá þar sem engar myndir höfðu borist. Samþykkt samhljóða.

#### Þinggerð lesin og samþykkt.

Lagt var til að þessum lið yrði frestað og ritari þingsins sendi þinggerði til undirritunar og hún yrði síðan send til félaganna eftir samþykki. Samþykkt einróma.

#### Þingslit.

Fundarstjóri lét af stjórn en lét þess getið í lokin að áætla yrði rýmri tíma fyrir næsta þing. Hann vísaði þingstjórninni til formanns KAÍ.  
Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik, þakkaði starfmönnum þingsins vel unni störf og þakkaði öllum þingfulltrúum fyrir samstarfið á þinginu og óskaði þeim velfarnaðar í framtíðinni.  
Hann sleit því næst 15. karateþingi.

Þingritari,

---

Reinharð Reinharðsson.

Þinggerð samþykkt og undirrituð:

Helgi Jóhannesson

Sif Matthíasdóttir